



## Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 20. febrúar 2019

### **Ályktun miðstjórnar ASÍ um tillögur stjórnvalda til breytinga á skattkerfinu**

Miðstjórn ASÍ lýsir verulegum vonbrigðum með þau áform um breytingar á skattkerfinu sem fjármálaráðherra kynnti í gær.

Tillögurnar mæta engan vegin kröfum verkalýðshreyfingarinnar um tekjujöfnunar- og tekjuöflunarhlutverk skattkerfisins og geta að óbreyttu ekki orðið grundvöllur sáttá í samfélaginu.

Tillögurnar byggja á því að léttu skattbyrði allra tekjuhópa og auka ráðstöfunartekjur láglaunafólks og bankastjóra um sömu krónutölu. Stór hluti af því „svigrúmi“ sem fjármálaráðherra telur til skattalækkana er þannig nýtt til að lækka skatta á tekjuhæstu hópana þvert gegn því sem kallað er eftir í samfélaginu.

#### **Launafólk ætlar ekki að borga skattalækkunina sjálft**

Engin áform er að sjá um að auka eigi stuðning við barnafjölskyldur og endurreisa vaxtabótakerfið og full ástæða er til að óttast að stór hluti skattalækkunarinnar verði tekin aftur með enn frekari tekjuskerðingum í barna- og vaxtabótakerfinu.

Stjórnvöld virðast ekki ætla að styrkja aðra tekjustofna ríkisins samhliða breytingunni s.s. með upptöku hátekjuskatts, auðlegðarskatti, hækkun fjármagnstekjuskatts eða afgangi fyrir auðlindanýtingu. Breytingin mun því þýða að minna verður til ráðstöfunar til brýnna úrbóta, t.d. í velferðarkerfinu og í samgöngumálum.

Launafólk mun aldrei sætta sig við skattkerfisbreytingar sem það borgar sjálft fyrir með veikara velferðarkerfi, verri innviðum og auknum nefsköttum. Slík stefna hefur verið viðhöfð um langt skeið og kemur alltaf verst niður á þeim tekjulægstu. Launafólk vill sanngjarnt skattkerfi sem eykur jöfnuð og fjármagnar velferð.